

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 12. september 2018  
UST201808-248/A.B.  
10.04.03

### Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Dalland í Mosfellssveit

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar sem barst 29.ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Dallands í Mosfellssveit.

#### Skipulagssvæðið


Í greinargerð segir að deiliskipulagið nái yfir jörðina Dalland í Mosfellssveit og lönd sem tilheyra henni, um 325 ha. að stærð. Í greinargerð segir að megin viðfangsefni við deiliskipulagsgerðina eru að byggja starfsmannahús, stækka vinnustofu, íbúðarhús og frístundahús og byggja inntakshús fyrir hita- og vatnsveitu.

Í greinargerð segir að svæðið er innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis B að hluta í svæðisskipulagi vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins.

Í greinargerð um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu kemur fram: „að samkvæmt samþykkt um verndarsvæði vatnsbólanna þarfnast fjarsvæði A verndar umfram fjarsvæði B þar sem á fjarsvæði A er aðalákoman fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Á fjarsvæði A og B er óheimilt að staðsetja mengandi starfsemi án samþykkis og skal afla leyfis heilbrigðisnefnda fyrir byggingu og notkun olúgeyma, veglagningu, náðhúsum, fráveitu og rotþróm o.s.frv.“


Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur